

Nd.

170. Nefndarálit

um frumvarp til laga um harðindatryggingu búfjár.

Frá meiri hluta Landbúnaðarnefndar.

Þó frv. þetta sje samið af ágætismanni og nauðakunnugum öllum högum og hagsmunum alþýðu, þá virðist oss það að ýmsu leyti varhugavert.

Hvað aðalstefnu frv. snertir, að byggja alla forðagæslu og fjártryggingu á frjálsum samþykktum bænda, þá teljum vjer það vafasamt mjög, að slik lög kæmu að tilætluðum notum, jafnvel þó menn væru sendir um land alt til þess að skýra málið og hvetja menn til þess að gera samþykktir. Betur lýst oss á að allir hreppar væru skyldaðir til að gera samþykktir, en væri að miklu leyti í sjálfsvald sett, hvernig samþykktin væri.

Með frv. er ætlast til að gera gagngerða breytingu, eigi að eins á forðagæslulögunum heldur einnig á bjargráðasjóðslögunum. Nú er það ætlun vor, að allur almenningur sje nokkurn veginn ánægður með bjargráðasjóðslögin, að öðru leyti en því, að margir óska þess að inneign hvers hrepps í bjargráðasjóði sje sjereign hans. Auk þess sjáum vjer ekki að ákvæði frv. þessa um fjártryggingarsjóð Íslands sjeu til verulegra bóta. Að miða gjaldið við jarðarhundrað verður tæpast hentugra eða rjettlátara en að miða það við fólksfjölda, og hið fyrirhugaða skipulag fjártryggingarsjóðsins er naumast heppilegra en bjargráðasjóðsins nú. Vjer teljum því rjett að breyta ekki bjargráðasjóðslögunum að svo stöddu.

Þá eru ákvæði frv. viðvikjandi forðagæslu og fóðurbirgðum. Það teljum vjer hiklaust rjett, að *leggja alla áherslu á að bændur safni fyrningum*, því þau forðabúr munu reynast oss hentust og duga drýgst, en helst til langt farið að krefjast þess, að þær sjeu svo auknar að nemi fóðri handa öllum fjenadi í meðalvetri. Að gera fóðurforðabúr að skyldu teljum vjer miður heppi-

legt, því þó þau kunni að vera gott úrræði í sumum sveitum, þá mun eigi svo vera í öllum. Að voru álitir er löggjöf vor um forðabúr allhentug og ætti að nægja.

Hvað forðagæslumenn, skoðanir og skýrsluhöld snertir er frv. þetta svipað nógildandi lögum, en þó öllu margbrótnara. Þetta teljum vjer ekki til bóta. Forðagæslumennirnir og starf þeirra hefir mætt allmiklum andróðri, en vjer getum ekki sjeð, að komist verði af án þeirra, ef nokkurt eftirlit skal hafa með fóðurforða bænda, enda hefir höf. frv. þar verið á sama máli. Þá þykir oss athugavert að eftir frv. eykst kostnaður við fjártrygginguna að miklum mun og að líkindum fram yfir það, sem gert er ráð fyrir í II. fylgiskjali.

Vjer látum oss nægja að benda á þessi fáu atriði. Vjer teljum rangt að samþykkja frv. á þessu þingi. Höfundur þess hafði leitað álits bænda á því viðsvegar um land, en vjer höfum eigi sjeð fleiri svör en úr 14 hreppum og eru 7 þeirra hlyntir frv., en 7 mótfallnir því. Nú er það svo að nokkur óánægja er í ýmsum hjeruðum með forðagæslulögin, og þætti oss því rjett að stjórnin leitaði umsagnar allra hreppsnefnda um forðagæslumálið á næsta sumri, athugaði álit þeirra og tillögur og legði síðan málið fyrir næsta þing, ef henni þætti þá ástæða til.

Alþingi 30. júlí 1915.

Stefán Stefánsson Eyf.,
formaður.

Guðm. Hannesson,
skrifari.

Björn Hallsson.

Jóhann Eyjólfsson.